

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag Norðurhafnar á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 20. janúar 2015 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar að deiliskipulagi Norðurhafnar á Húsavík. Nýtt deiliskipulag sameinar tvö skipulagssvæði samkvæmt eldra deiliskipulagi og með gildistöku þess falla úr gildi eldra deiliskipulag Norðurhafnar sem samþykkt var 5. júní 2001 og deiliskipulag milli norður- og miðhafnar sem samþykkt var 26. febrúar 2002. Skipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2.000 á blaðstærð A1 og greinargerð í A4 hefti. Greinargerð inniheldur umhverfisskýrslu skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Á deiliskipulagssvæðinu er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi s.s. vöruskemum, gámasæði, skrifstofuhúsnæði, dráttarbraut og þjónustu til viðgerða á skipum og bátum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Húsavík, 16. júlí 2015.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. júlí 2015